

Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins.

Með vísan til samnings milli Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og til reglugerðar nr. 1248/2025 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning á landbúnaðarvörum, upprunnum í ríkjum Evrópusambandsins og með upprunavottorð þáðan fyrir tímabilið **1. janúar – 30. júní 2026**:

<i>Vöruliður:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magntollur</i>
			kg	%	kr./kg
0201/0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt, kælt eða fryst	01.01. - 30.06.26	348.000	0	0
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst	01.01. - 30.06.26	350.000	0	0
0207	Kjöt af alifuglum, nýtt, kælt eða fryst	01.01. - 30.06.26	428.000	0	0
Úr 0207	Kjöt af alifuglum, nýtt, kælt eða fryst, lífrænt ræktað/lausagöngu	01.01. - 30.06.26	100.000	0	0
0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reyktt; ætt mjöl, einnig finmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum	01.01. - 30.06.26	50.000	0	0
Úr 0406	Ostur og ystingur (**)	01.01. - 30.06.26	115.000	0	0
0406	Ostur og ystingur	01.01. - 30.06.26	190.000	0	0
1601	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum, blóði eða skordýrum; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum	01.01. - 30.06.26	125.000	0	0
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum	01.01. - 30.06.26	200.000	0	0

(**) skráð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1151/2012 um vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða og matvæla

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings vara úr vörulið úr 0406(**) en auglýstum tollkvóta nemur skal tollkvótanum úthlutað eftir hlutkesti. Úthlutun er ekki framseljanleg. Vörumagni vegna ársins 2026 er úthlutað í tvennu lagi, þ.e. því er skipt upp í tvö tímabil.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið atr@atr.is.

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; mánudaginn 1. desember 2025 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, mánudaginn 1. desember 2025.

*Atvinnuvegaráðuneytinu,
1. desember 2025.*